

## AUGLÝSING

### um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Ungverjalands tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Ungverjalands frá 29. mars 1993, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1995, 59/1995, 32/1997, 39/1998 og 35/1999, og öðlast hún gildi sem hér segir:

| Nr.    | Dags.      | Efni               | Gildistaka |
|--------|------------|--------------------|------------|
| 1/2000 | 21.11.2000 | Breyting á bókun B | 01.01.2001 |

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum á árinu 1999.

Sameiginlega EES-nefndin tók 192 ákvarðanir á árinu 1999 um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, þar sem samningurinn er birtur, 29/1996, 37/1997, 42/1998, 36/1999 og 37/1999. Ákvarðanirnar og þær EB-gerðir sem vísað er til í þeim hafa birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindum, sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.

Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku í fylgiskjali með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*